

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 2002.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c.-staflíð samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 9.500 á árinu 2002.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. maí en eindagi er 31. maí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 4.050 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 8.100, ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Húsavík, nr. 567 frá 21. nóvember 1991 og gildir fyrir árið 2002.

Húsavíkurkaupstað, 19. desember 2001.

Vígfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.